

# FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 127/1545*  
*komudagur 26. 3. 2002*

Nefndasvið Alþingis  
Sigrún Brynja Einarsdóttir  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

26. mars 2002

*Tilvísun: 2002030070*

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum,  
596. mál, EES-reglur, ríkisaðstoð.**

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 18. mars sl., þar sem óskað er umsagnar Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum, 596. mál. Fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu að tilgangur þess sé að innleiða reglugerð Evrópusambandsins nr. 659/1999 um endurgreiðslu ólögmaeltrar ríkisaðstoðar samkvæmt samningi um Evrópska efnahagssvæðið. Kveður reglugerðin m.a. á um að þiggjanda aðstoðarinnar beri að endurgreiða hana ríkissjóði ásamt hæfilegum vöxtum sem ákvarðaðir eru af eftirlitsstofnun EFTA. Frumvarpið felur einnig í sér þá breytingu að fjármálaráðherra verði í stað viðskiptaráðherra heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd reglna EES-samningsins um ríkisaðstoð til aðila hér á landi.

Fjármálaeftirlitið hefur yfirfarið frumvarpið skv. framangreindu og gerir ekki athugasemdir við efnisatriði þess.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

  
Páll Gunnar Pálsson

  
Rut Gunnarsdóttir